



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Hábrún ehf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Ísafjörður, 4. maí 2018
2018040059

Efni : Umsókn um lóð - Hrafnatangi 4

Tillaga 497. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 25. apríl sl. um að Sjávareldi ehf. og Hábrún ehf. fái lóðina Hrafnatangi 4, skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun. Lóðin Hrafnatangi 4 er ekki að fullu nothæf fyrir en að uppfyllingu og hafnarframkvæmdum á svæðinu er lokið.

Bæjarstjóri leggur fram breytingartillögu á öðrum málslið tillögurnar og að hann verði svohljóðandi:

"Lóðarumsókn falli úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 12 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 24 mánaða frá úthlutun."

Forseti ber breytingartillöguna upp til atkvæða.

Breytingartillagan samþykkt 9-0.

Forsetinn ber þá tillöguna með áorðnum breytingum upp til atkvæða.

Bókun bæjarstjórnar.

Tillaga skipulags- og mannvirkjanefndar var **samþykkt** með áorðnum breytingum á 417. fundi bæjarstjórnar þann 03.05.2018.

Þetta tilkynnist hér með.

Lóðargjald kr. 30.750,-

Virðingarfyllt

Axel Rodríguez Overby
- skipulags- og byggingarmáttuli -